

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hilmar Örn Jónasson, Leifur Guðni Grétarsson, Júlía Þorvaldsdóttir, Viktoría Gísladóttir og Elsa María Guðmundsdóttir.

Afboða, mæta ekki : Oddur Örnólfsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða

Fundur 13.06.2022 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. IMOC (Íslandsmeistaramót Garpa) var haldið í Ásvallalaug daganna 6 og 7 maí. Mótið fór vel fram og stemning í hópnum.
- b. Undirbúningur er á fullu fyrir SMÍ sem haldið verður í Ásvallalaug 18 – 19 júní og AMÍ sem haldið verður í Reykjanesbæ 24 – 26. Rætt var um verðlaunafé og viðurkenningar á mótunum. Þar sem mótin eru bara með viku millibili þá gæti reynst erfitt að manna mótin og stjórnarmenn og aðrir eru hvattir til að skrá sig til leiks auk þess sem samstarfsfélög mótanna eru öflug og vön mótahaldi.
- c. Náðst hefur samkomulag við forráðamenn sundfélagsins Ægis um að RIG verði SSÍ mót í framtíðinni. Undirbúningur fyrir næsta mót er þegar hafin. Farið var yfir kosti og galla þess að halda mótið undir „RIG“ banninum með öðrum íþróttagreinum en sú rödd er hávær innan SSÍ að við séum að fá lítið út úr því samstarfi. Fundað verður með forráðamönnum RIG leikanna á næstunni til að fara yfir stöðuna. Kjósi SSÍ að starfa ekki innan RIG verður mótið engu að síður haldið sem sjálfstætt alþjóðlegt mót á vegum SSÍ. Boðaður hefur verið fund með RIG þann 21. Júní. Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra og formanni leyfi til að fara út úr samstarfinu.
- d. Farið var yfir skýrslu starfshóps ÍSÍ um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni. Skýrslan eru vonbrigði að því leiti að starfshópurinn treystir sér ekki til að leggja línur fyrir í þróttahreyfinguna í viðkvæmum málum. Starfshópur á vegum SSÍ sem fjallaði um hlutverk starfsnefnda á vegum SSÍ var að biða eftir niðurstöðum þessarar skýrslu til að geta nýtt innihald hennar til að ljúka skýrslu sinni. Starfsnefnd SSÍ fer í að leggja lokahönd á sína skýrslu og verður niðurstaða hennar lögð fyrir stjórn og sett í reglugerðir.
- e. Skrifstofa SSÍ hefur fengið punkta frá Mladen vegna Sundknattleiksmála. Fundað verður með Mladen á næstunni til að skoða með næstu skref.
- f. Beiðni hefur borst frá Íslendingi erlendis um að fá að keppa fyrir hönd Íslands í Dýfingum. Eyleifur og Ingibjörg skoða málið og svara fyrirspurninni.
- g. Rætt var um námskeiðahald fyrir landsbyggðina m.t.t þáttöku og kostnaðar. Reynt verður að halda fjarnámskeið eins og frekast er kostur og einnig verður að setja upp viðmið með lágmarks þáttöku á mótun ef við erum að leggja kostnað í að senda fólk á staðinn.
- h. Stjórn samþykkti að nýt sér til framtíðar grein í reglugerðum um sérstakt gjald vegna seinskráninga á mót frá félögum.
- i. Í byrjun næsta sundárs mun stjórn halda stutta stefnumótun til að leggja línur í málum sem lúta að mótamálum.
- j. Haldin verður formannafundur í byrjun september.

- k. Fulltrúar út stjórn SSÍ stefna á því að halda „Brunch“ fundi með félögum í haust til ná betur til stjórnar og foreldra félaganna. Farið verður í að gera dagskrá fyrir þessa fundi.
- l. Farið yfir atburðardagatal og hvernig haustið lítur út. Mikilvægt að setja allt inn á dagatalið bæði mót, stjórnarfundir, fundir erlendis, námskeið og allt sem með þarf. Send verða út tilmæli frá stjórn SSÍ um að reyna að sameina og einfalda mót, virða A, B og C skipulag. Ingibjörg og Leifi bjóðast til að aðstoða félögin við þessa vinnu.

3. Afreksmál

- a. Í morgun var skrifað undir samninga við sundfólk okkar sem eru að fara á HM og EM í sumar. Þeir sundmenn sem skrifað undir samninga við var; Anton Sveinn, Jóhann Elín, Snæfríður Sól og Símon Elías.
- b. Æfinga- og Fræðsludag landsliðshópa 7. Maí gengu vel fyrir sig. Góðir fyrirlestrar frá Gauti Grétarsson sjúkraþjálfari og Braga Sæmundsson sálfræðing. Dagurinn endaði með sundæfingu, þar sem Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir, Kjell Wormdal og Eyleifur Jóhannesson stjórnðu.
- c. NFS coaches and sport directors meeting fór fram í Kaupmannahöfn 10-11/5. Fundurinn gekk vel fyrir sig, þar sem hvert land kynnti landsliðskrefið sitt. Einnig var mikið rætt um aukið samstarf í framtíðinni.
- d. Taastrup Open 19-22/5 fyrir Framtíðarhóp heppnaðist mjög vel. Árangur góður og hópurinn samstilltur. Það sem hefði mátt gera betur, er að seinka heimför um einn dag til að gefa þeim möguleika á að upplifa hluta af Kaupmannahöfn í lok ferðar.
- e. Glasgow International dagana 25-30/5 hentaði einstaklega vel sem undirbúningur fyrir sundfólk sem er á leið á alþjóðleg meistaramót. Umgjörðin svipuð, þar sem notuð er rúta til að ferðast á milli hótels og sundlaugar. Maturinn hefði mátt vera betri, en oft kláraðist allur matur án þess að allir hafi fengið að borða. Tilrauna með Ragnari Guðmundssyni gekk eftir væntingum, en hann var með í för til að framkvæma sundgreiningar.
- f. Lágmarkatímabili fyrir NÆM, EYOF og EMU endaði eftir Glasgow mótið, eingöngu tókst einum að bætast í hópinn, það var Ýmis Sölvason úr Breiðablik náði lágmarkum fyrir EYOF.
Framundan eru mörg stór verkefni:
- g. Heimsmeistaramótið í 50m braut í Búdapest 14-25/6. Þau Anton og Snæfríður keppa fyrir Íslandshönd, undirbúningur hefur gengið vel hjá þeim báðum þrátt fyrir meiðsli og covid.
- h. Evrópumeistaramót Unglinga í Búkarest 3-11/7 staða eftir ÍM50. Þeir sem keppa fyrir Íslandshönd eru Daði Björnsson, Einar Margeir Ágústsson, Eva Margrét Falsdóttir, Freyja Birkisdóttir og Snorri Dagur Einarsson. Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir verður fararstjóri, Karl Pálmason og Steindór Gunnarson þjálfarar og Falur Helgi Daðason sjúkraþjálfari.
- i. Norðurlandamót Æskunnar í Tallin 7-11/7. Þeir sem keppa fyrir Íslandshönd eru Bergur Fáfniir Bjarnason, Birnir Freyr Hálfánarson, Ýmir Chatenay Sölvason, Katla María Brynjarsdóttir, Nadja Djurovic, Sunna Arnfinnsdóttir, Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir og Ylfa Lind Kristmannsdóttir. Fararstjóri verður Lilja Kristinsdóttir, þjálfarar verða Eyleifur Jóhannesson, Guðmundur Hafþórsson og Hjalti Guðmundsson.
- j. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Slóvakíu 24-30/7. Þeir sem keppa fyrir Íslandshönd eru Birnir Freyr Hálfánarson, Ýmir Chatenay Sölvason, Nadja Djurovic, Sunna

Arnfinnsdóttir og Ylfa Lind Kristmannsdóttir. Klaus Ohk verður þjálfari hópsins. frá ÍSÍ

- k. EM æfingabúðir í Barcelona 1-8/8. Við ætlum í stuttar æfingabúðir utandyra fyrir lokaundirbúning fyrir EM50 í Róm sem hefst 11/8.
- l. Evrópumeistaramótið í 50m laug í Róm 8-18/8 staða eftir ÍM50, hægt að bætast við á SMÍ. Við erum að skoða möguleika á að hafa sveit í 4x100m skriðsundi.
 - Sundfólk: Anton, Jóhanna, Símon og Snæfríður hafa náð lágmarkum
 - Starfsfólk: Eyleifur, Mladen og Hlynur sem sjúkrþjálfari
- m. Þjálfararáðstefna SSÍ verður haldin 17-18. september. Það er búið að senda út upplýsingar til þjálfara og formanna félaga. Íslensku þjálfararnir hafa fram að AMÍ til að skrá sig, eftir þann tíma munum við bjóða þjálfurum fyrir utan Ísland að taka þátt. Við ætlum að hafa flest alla fyrirlestra á ensku sem gefur okkar erlendi fyrirlesurum möguleika að taka þátt. Búið er að semja við alla sem munu halda fyrirlestra, þetta verður prógram í heimsklassa.
 - Tom Rushton yfirþjálfari Energy Standard (þjálfari ársins í Evrópu 2021)
 - Björn Sörensen yfirþjálfari Aalborg Svømmeklub (einn besti þjálfari dana)
 - Kjell Wormdal yfirþjálfari Sundfélags Akraness
 - Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála
 - Ragnar Guðmundsson Optimizer

4. Fundargerðir nefnda

- Skýrsla um ferð á LEN þing í Portúgal
- Skýrsla frá Taastrup
- Fundargerð nr. 4 um starfshóp um mótamál
- Fundargerð dómarnefndar nr.109
- Upplýsingar frá SRR

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Patrik Vilberg Viggósson	Breiðablik	SH	08.06.2022	07.07.2022

6. Staðfesting meta

25 metra laug

Meyjamet					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
Telpnamet					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m flugsund	Ylfa Lind Kristmannsdóttir	Árman	01:05.23	27.05.2022	Esbjerg

Einnig aldursflokkamet ?

Stúlknamet					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
Drengjamet					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
Piltamet					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:

Ofangreind met staðfest

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
10.05.2022	Erindi FRÍ til borgarráðs	FRÍ
17.05.2022	Common Statement GSSE	LUX
19.05.2022	Uppfærð skýrsla vinnuhops	AS/ÍÍ
30.05.2022	Sumarfjarnám ÍÍ	ÍÍ
06.06.2022	LEN Events bidding	LEN

8. Önnur mál:

- Mannvirkjanefnd er að störfum en Eyleifur leiðir nefndina fyrir hönd SSÍ. Farið verður í að fá stöðu á málum frá nefndinni sérstaklega í ljósi þess að aðstaða á Akranesi var mjög erfið rétt fyrir Akranesleikana sökum þess sem flísar í lauginni voru farnar að losna og sundlaugin var orðin hættulega fyrir sundgesti og keppnisfólk.
- Mikil óþolinmæði í íþróttahreyfingunni þar sem Covid styrkir eru fastir í þinginu. Ekki hefur veirð birt hvernig þessi styrkur muni skiptast.
- Endurstilla Drop box á stjórnarfólk

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 21.30